

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Klúbbinn Strók.

1. gr.

Klúbburinn Strókur er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Starfssvæði er Árnes-sýsla, Rangárþing og V-Skaftafellssýsla. Heimili og varnarþing er í Árborg.

2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 621.000 sem er höfuðstóll bankabókar sem stofnuð var í þessu skyni. Stofnfé þetta er lagt fram af stofnendum sem hafa aflað þess með styrkjum. Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni, sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema kr. 621.000.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að auka tengsl geðfatlaðra við samfélagið með því að reka Klúbbinn Strók þar sem veitt er aðstoð við að útvega geðfötluðum húsnæði og atvinnu og stuðla þannig að því að þeir gerist virkir þátttakendur í samfélaginu.

Til þess að stofnunin geti náð megin tilgangi sínum er stjórn stofnunarinnar heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila og gerast í því skyni aðili að samstarfs-samningi um lengri eða skemmri tíma.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð sjö mönnum og skal fyrsta stjórn stofnunarinnar skipuð þannig: Sigríður Jensdóttir formaður, kt. 290450-2339, Björn Sigurðsson gjaldkeri, kt. 050247-2019, Björn Bjarndal Jónsson, kt. 160152-4199, Drífa Hjartadóttir, kt. 010250-2509, Margrét Frímansdóttir, kt. 290554-4549, Sigurður Jónsson, kt. 270448-2089 og Þórdís Ingólfsdóttir, kt. 170352-3519. Framangreindir aðilar eru jafnframt stofnendur Klúbbsins Stróks.

Heimilt er að fjölga stjórnarmönnum og skipa að auki varamenn ef meirihluti stjórnar samþykkir. Stjórnin skiptir með sér verkum. Starfstími stjórnarinnar skal vera til tveggja ára í senn. Stjórnarmenn velja sér eftirmenn að starfstíma loknum, kjósi þeir ekki að sitja í stjórninni næsta starfstímabil.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar. Hún ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eigum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ákveður starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Stjórnin heldur minnst fjóra fundi á ári. Fundargerðir skulu haldnar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin skal árlega boða til opinbers fundar og veita þar upplýsingar um starfsemina. Fundurinn skal auglýstur í dagblöðum.

5. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru auk vaxta af stofnframlagi:

- a) Framlög frá ríki og sveitarfélögum.
- b) Frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og sjóða.

- c) Áheiti og gjafir.
- d) Leigutekjur, vaxtatekjur og fleira.

Fjármunir þeir sem stofnunin á eða eignast skulu ávaxtaðir í nafni stofnunarinnar á sem hagstæðastan hátt í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjum og eignum stofnunarinnar má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum hennar.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til þess að annast daglegan rekstur klúbbsins Stróks og stjórnun hans í sínu umboði og setur honum erindisbréf. Framkvæmdarstjórinn skal sjá til þess að Klúbburinn Strókur sé rekinn í samræmi við markmið stofnunarinnar og meginreglur Fountain Hause hugmyndafræðinnar.

Framkvæmdarstjóri situr stjórnarfund með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem skipaður er af stjórn til að minnsta kosti tveggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir til ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní fyrir hvert næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvarðanir um að hætta rekstri stofnunarinnar skulu samþykktar af 2/3 hluta stjórnarmanna og staðfestar af dómsmálaráðherra. Verði stofnunin lögð niður skal hún og allar eigur hennar, renna til málefna er varða bættu félagslega stöðu geðfatlaðra.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. október 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Bryndís Helgadóttir.